

Mál nr. 99/2014
M og
V v. innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.

Tjón á fatnaði, þvottavél og þurrkara 27. mars 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.4.2014.
2. Bréf V dags. 15.4.2014

Málsatvik.

M segir að lýsisflaska hafi dottið út úr ísskáp þegar hann var opnaður og brotnað. M segir að lýsi hafi farið í föt og reynt hafi verið að þrifa upp lýsið með handklæðum og tuskum, sem síðan hafi verið sett í þvottavél ásamt öðrum þvotti. M segir að við þetta hafi lýsislykt smitast í annan fatnað og þvottavél og þurrkara og mikið af fatnaði heimilisins. M krefst bóta úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V og telur að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem sé bótaskyldur úr tryggingunni. V hafnar bótaskyldu og telur að tjónið sé ekki vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atviks. V segir að þrátt fyrir að lýsisflaskan hafi brotnað skyndilega og óvænt þá verði tjónið sem hlaust af því að lýsi barst í þvottavél og þurrkara og síðan í annan þvott heimilisins verði ekki rakið til þess að lýsisflaskan brotnaði heldur að olúsmitaðar tuskur hafi verið settar í þvottavél og þurrkara heimilisins og þaðan hafi lyktin borist í annan fatnað.

Álit.

Samkvæmt 10. gr. vátryggingaskilmála tryggingar þeirrar sem hér ræðir um er það skilyrði bótaskyldu að tjónið verði vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika. Lýsisflaskan sem datt úr ísskápnum brotnaði vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atviks. Þær aðgerðir til hreinsunar, sem gripið var til í framhaldi af því að lýsisflaskan brotnaði voru hins vegar ekki skyndilegar og ófyrirsjáanlegar. M á því ekki rétt á bótum vegna þess að tuskur og föt voru sett í þvottavél og smituðu lykt í annan fatnað, þvottavél og þurrkara.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 13.5.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.